

Formáli

Í grein 6.10.6.1 í byggingarreglugerð segir: „Ekki má byggja afgreiðslustöðvar fyrir olíu og bensín, nema þar sem skipulag ákveður. Jafnan skal hverju sinni leita umsagnar Brunamálastofnunar ríkisins og Hollustuverndar ríkisins, sem áður skal leita samþykkis viðkomandi heilbrigðisnefndar sbr. gr. 143.1 í heilbrigðisreglugerð, og er umbúnaður háður samþykki þessara aðila, sbr. gr. 1.1.5 í brunamála-reglugerð.“

Í reglum þessum eru settar fram kröfur Brunamálastofnunar ríkisins um brunavarnir bensínstöðva, sem einkum eru ætlaðar byggingardeild Brunamálastofnunar, slökkviliðsstjórum, eldvarnaeftirlitsmönnum og hönnuðum bensínstöðva.

Reglurnar verða teknar til endurskoðunar, ef nauðsyn krefur, þegar komin er á þær reynsla og út hafa komið reglugerðir og reglur annarra yfirvalda er málið varðar.

E F N I S Y F I R L I T

	Bls.
1. Gildissvið.....	1
2. Skilgreiningar.....	1
3. Ýmis ákvæði.....	2
4. Skipulag bensínstöðva.....	3
5. Byggingar.....	4
6. Afgreiðslutæki fyrir vökva í flokki I.1, I.2 og II.1.....	6
7. Dælur fyrir vökva í flokki I.1, I.2 og II.1.....	6

1. Gildissvið

- 1.1 Reglur þessar gilda um bensínstöðvar þar sem fram fer sala til almennings og gilda fyrir landið allt. Aðrar afgreiðslustöðvar eldfimra vökva skulu einnig fylgja reglum þessum eftir því sem við á hverju sinni að mati slökkviliðsstjóra.
- 1.2 Bensínstöðvar skulu útbúnar með þeim hætti sem reglur þessar kveða á um. Auk þess verða þær að fullnægja kröfum annarra yfirvalda er málið varðar.
- 1.3 Skylt er að fara eftir ákvæðum reglnanna á bensínstöðvum sem bygging er hafin á eftir gildistöku þeirra. Bensínstöðvum, sem eru í byggingu við gildistöku reglnanna, er einnig skylt, eftir því sem unnt er, að fylgja ákvæðum þeirra. Í því sambandi verður að gera þær ráðstafanir sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir menn og eignir.
- 1.4 Sé um að ræða bensínstöð, sem þegar er hafinn rekstur á, ber slökkviliðsstjóra að gera eigin úttekt á brunavörnum hennar og leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann ásamt kröfu um úrbætur. Sé brunavörnum bensínstöðvarinnar í veigamiklum atriðum ábótavant hefur slökkviliðsstjóri heimild til að krefjast þess að eigandi eða forráðamaður láti gera sérstaka brunatæknilega úttekt á bensínstöðinni. Úrbætur eru síðan háðar samþykki slökkviliðsstjóra.
- 1.5 Nú kemur í ljós að ákvæði reglna þessara eru brotin og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Slökkviliðsstjóra er heimilt að leita aðstoðar byggingarnefndar til að knýja eiganda og/eða forráðamann til úrbóta.
- 1.6 Ef upp kemur ágreiningur á milli slökkviliðsstjóra og sveitarstjórnar annars vegar og eiganda eða forráðamanns hins vegar um úrræði þau sem mælt er fyrir um skv. grein 1.4 eða 1.5 ber að vísa þeim ágreiningi tafarlaust til Brunamálastofnunar sem fellir úrskurð í málinu.
- 1.7 Að athuguðu máli hefur Brunamálastofnun heimild til að leyfa aðrar lausnir en tilgreindar eru í reglum þessum enda sé öryggiskröfum fullnægt að mati stofnunarinnar.

2. Skilgreiningar

- 2.1 **Afgreiðslustöð:** Staður þar sem afgreitt er eldsneyti á vélknúin ökutæki og vélar. Heitið tekur til afgreiðslustöðvar í heild, þ.e. húsa, annarra mannvirkja og búnaðar.
- 2.2 **Bensínstöð:** Almenn afgreiðslustöð fyrir eldsneyti á vélknúin ökutæki og vélar. Heitið tekur til bensínstöðvar í heild, þ.e. húsa, annarra mannvirkja og búnaðar.
- 2.3 **Afgreiðslutæki:** Tæki með búnaði til að dæla eldsneyti í geyma bifreiða eða annarra vélknúinna tækja.
- 2.4 **Afgreiðslusvæði:** Svæði á bensínstöð þar sem afgreitt er eldsneyti á vélknúin ökutæki og vélar.
- 2.5 **Afgreiðslubysa:** Loki á slönguenda afgreiðslutækis. Lokinn opnar fyrir rennsli þegar tekið er í handfang byssunnar en lokar fyrir þegar því er sleppt.

- 2.6 **Öryggissvæði:** Svæði innan stöðvarsvæðis þar sem meðferð opins elds, neistamyndandi starfsemi og reykingar eru bannaðar.
- 2.7 **Blossamark:** Lægsta hitastig sem vökvi getur myndað eldfimar gufur við, ákvarðað með staðlaðri prófunaraðferð við 1013 millibara loftþrýsting.
- 2.8 **Eldfimur vökvi:** Vökvi með blossamark allt að 100° C
 Flokkur I Blossamark undir 21° C (t.d. bensín)
 Flokkur II Blossamark 21° C til og með 55° C (t.d. steinolía)
 Flokkur III Blossamark yfir 55° C til og með 100° C (t.d. dísilolía)

Allir þrír flokkarnir greinast í tvo undirflokkka. Þeir eru:

Undirflokkur 1: Vökvar sem ekki blandast vatni
 Undirflokkur 2: Vökvar sem blandast vatni

2.9 Flokkun sprengihættusvæða (skipting í belti)


Belti 0: Svæði þar sem sprengifimt andrúmsloft er að staðaldri eða í langan tíma í senn.

Belti 1: Svæði þar sem andrúmsloft getur orðið sprengifimt við sérstakar aðstæður í eðlilegum rekstri.

Belti 2: Svæði þar sem andrúmsloft verður aðeins sprengifimt í undantekningartilfellum og þá aðeins í stuttan tíma í senn.

3. Ýmis ákvæði

- 3.1 Öll mannvirki bensínstöðvar, s.s. hús, afgreiðslutæki, dælur og annar búnaður sem notaður er til afgreiðslu eldfims vökva úr geymum, skulu þannig gerð og frágengin að hætta á því að eldur kvikni og breiðist út verði í algjöru lágmarki.
- 3.2 Tilkynningu um bann við reykingum og meðferð opins elds á öryggissvæði skal setja upp á viðeigandi stöðum í samráði við slökkviliðsstjóra. Umbúnaður og gerð merkinga skal vera samkvæmt gildandi stöðlum og reglum. Öryggissvæði afmarkast af eftirfarandi fjarlægðum (radíus):
- | | |
|-------------------------------|------|
| – útloftunarrör | 12 m |
| – afgreiðslutæki fyrir bensín | 12 m |
| – áfyllingarstútur | 5 m |
| – mælistútur | 5 m |
| – aflestunarsvæði tankbíls | 5 m |
| – útgeymsla eldfims vökva | 5 m |
- 3.3 Við bensínstöðvar á að koma fyrir handslökkvitæki af viðeigandi gerð, t.d. 6 kg ABE-dufttæki, á heppilegum stað utanhúss. Þess skal gætt að fjarlægð milli hvers afgreiðslutækis og handslökkvitækis sé ekki meiri en 10 metrar. Handslökkvitæki skulu vera úti við, a.m.k. á almennum afgreiðslutíma.
- 3.4 Á því svæði bensínstöðvar sem flokkast sem sprengihættusvæði (belti 0, 1 og 2) skal allur rafbúnaður vera skv. fyrirmælum viðkomandi yfirvalda um raflagnir á sprengihættustöðum.
- 3.5 Við flokkun í sprengihættusvæði (m.t.t. rafbúnaðar) á bensínstöð skal stuðst við mynd 3.1.



Mynd 3.1 Flokkun sprengihættusvæða á bensínafgreiðslustöð.

- 3.6 Bensíngeymar eiga að vera niðurgjafnir. Geymar ofanjarðar eru aðeins leyfilegir fyrir eldfima vökva í flokki II og III, svo sem dísilolíu og steinolíu. Ofanjarðargeymar á bensínstöð mega þó ekki vera stærri en 7500 lítrar. Slökkviliðsstjóri getur veitt bráðabirgðaleyfi fyrir flytjanlega geyma undir eldfima vökva í flokki I, II og III, en þeir mega ekki vera stærri en 4000 lítrar. Um frágang, umbúnað og staðsetningu ofanjarðargeyma almennt er fjallað í reglugerð um eldfima vökva (Brunamálastofnun ríkisins).
- 3.7 Skurðir fyrir lagnastokka og rör, svo og tilheyrandi lagnabrunnar þar sem sprengihætta er vegna uppsöfnunar eldfims vökva, skulu fylltir með sandi eða loftræstir á fullnægjandi hátt.
- 3.8 Þar sem rör eða stokkar fyrir rafkapla, þrýstiloftsleiðslur eða aðrar lagnir frá afgreiðslutækjum eldfims vökva eða geymum tengjast beint eða óslitið við byggingu verður að loftræsta rörin/stokkana, t.d. með útloftunarröri, eða ganga á annan hátt frá þeim þannig að ekki geti safnast fyrir í þeim sprengifimar loftblöndur.

4. Skipulag bensínstöðva

- 4.1 Bensínstöðvar verður að skipuleggja þannig að fjarlægðir milli mannvirkja og búnaðar stöðvanna (afgreiðsluhús, dælur, áfyllingarstútar, útloftunarrör o.fl.) og annarra mannvirkja innan svæðis, svo og fjarlægðir til mannvirkja utan svæðis, séu nægilega miklar m.t.t. sprengihættu og/eða eldhættu. Tilgreindar eru nokkrar lágmarksfjarlægðir í töflu 4.5.1.
- 4.2 Útloftunarrör fyrir bensín skal leiða upp í a.m.k. 3,5 m hæð yfir jörð. Útloftunin verður að ná a.m.k. 0,5 m upp fyrir hæsta punkt tankbíls.

- 4.3 Verkstæði eða aðra starfsemi þar sem farið er með opinn eld má ekki staðsetja inni á öryggissvæði. Undanþegin er þó veitingasala (með eldunartækjum) í stöðvarbyggingum enda séu aðaldir inn í veitingasölu utan öryggissvæðis.
- 4.4 Starfsemi sem tilgreind er í grein 4.3 ber að staðsetja, eftir því sem við verður komið, í skjóli gagnvart afgreiðslutækjum, áfyllingarstútum og útloftunarrörum.
- 4.5 Bensínstöðvar ber að skipuleggja þannig að ekki skapist óþarfa umferð um afgreiðslusvæði þeirra.

Tafla 4.5.1 Lágmarksfjarlægðir milli mannvirkja bensínstöðvar og annarra mannvirkja (í metrum).

Mannvirki utan stöðvarsvæðis:	<i>Útloftunarrör geymis (bensín)</i>	<i>Afgreiðslutæki fyrir bensín</i>
Bygging þar sem fólk vistast eða dvelur um lengri tíma (íbúðarhús, skrifstofubygging, gistiheimili, skóli).	12	12
Bygging, þar sem fólk dvelur ekki um lengri tíma og ekki stafar af mikil eldhætta að mati slökkviliðsstjóra.	6	6
Almenn bifreiðastæði.	6	6
Mannvirki innan stöðvarsvæðis:		
Stöðvarbygging úr óbrennanlegu efni, þar sem ekki er farið með opinn eld af neinu tagi.	5	3
Stöðvarbygging úr brennanlegu efni og stöðvarbygging með veitingasölu sem hefur eldunaraðstöðu.	5	5
Bifreiðastæði starfsmanna.	5	5
Verkstæði þar sem farið er með opinn eld (t.d. bifreiðaverkstæði).	12	12
Verkstæði þar sem ekki er farið með opinn eld (t.d. smurstöð).	5	5

5. Byggingar

- 5.1 Byggingar sem staðsettar eru innan öryggissvæðis bensínstöðvar skulu að jafnaði gerðar úr óbrennanlegum efnum. Leyfilegt er að byggja minni háttar afgreiðsluhús úr öðrum efnum enda sé þá farið eftir reglum og fyrirmælum Brunamálastofnunar um byggingu og staðsetningu.

- 5.2 Geymslu- og sölurými eldfimra vökva innanhúss verður að loftræsta á fullnægjandi hátt. Þess verður að gæta að aðloft, sem leitt er að utan, innihaldi ekki sprengifimar lofttegundir, t.d. með því að hafa loftinntak ofarlega í stöðvarbyggingu og í a.m.k. 5 metra fjarlægð frá útloftunarrörum geyma, áfyllingarstútum geyma og afgreiðslutækjum.
- 5.3 Í sölurými bensínstöðvar má geyma allt að 500 lítra af vökva í flokki I eða II. Þar af mega allt að 60 lítrar vera F-gas (5 lítra hylki eða minni). Í stöðvarbyggingu með veitingasölu takmarkast heildarmagn þó við 200 lítra (þar af 25 lítra af F-gasi).
- 5.4 Sé um að ræða meira magn af vökva í flokki I eða II en tilgreint er í grein 5.3 skal það geymt í sjálfstæðu brunahólfi eða útigeymslu. Tryggja skal að geymslurými sé loftræst á fullnægjandi hátt að mati slökkviliðsstjóra.
- 5.5 Átöppun vökva í flokki I í laus ílát má aðeins fara fram utanhúss.
- 5.6 *F-gas*

Vísað er í „Reglugerð um forðageymslur fyrir F-gas“, sem gefin er út af Brunamálastofnun ríkisins, varðandi geymslu á F-gasi í meira magni en um getur í grein 5.3.

Áfyllistöð fyrir F-gas skal vera í a.m.k. 8 m fjarlægð frá opi í vegg, loftræstiopi, afgreiðslutækjum og smurgryfjum. Áfyllistöð verður að staðsetja og útbúa þannig að nægilegt loft leiki um F-gas geymi og áfyllistaðinn. Viðeigandi öryggisbúnaður verður að vera til staðar við áfyllingu á F-gas hylki á bensínstöðvum þannig að eld- og sprengihætta verði sem allra minnst.

Brunamálastofnun getur bannað áfyllistöðvar fyrir F-gas á bensínstöðvum telji stofnunin þörf á því af öryggisástæðum.

Sprengihættuflokkun m.t.t. rafbúnaðar er þannig að svæði kringum F-gas geymi í 1,5 metra radíus flokkast sem belti 1. Svæði sem er 1,5 metra þar fyrir utan flokkast sem belti 2.

5.7 *Skýli bensínstöðva*

Skýli bensínstöðva eiga að vera í samræmi við eftirfarandi ákvæði nema Brunamálastofnun ríkisins leyfi aðrar lausnir, sbr. gr. 1.7.

- Skýli skulu að jafnaði borin uppi af veggjum, súlum eða öðrum samsvarandi burðareiningum úr óbrennanlegum efnum. Sjá þó jafnframt heimildarákvæði í gr. 5.1 um annarskonar byggingarefni.
- Skýli, sem eru stærri en 50 m², eiga að vera úr óbrennanlegum eða tregbrennanlegum efnum.
- Skýli úr brennanlegum efnum verða að vera í a.m.k. 5 m fjarlægð frá byggingum sem eru meira en ein hæð.
- Útloftsrör frá geymi með eldfimum vökva í flokki I, sem er í minni fjarlægð en 5 m frá skýli, verður að hækka svo að það sé a.m.k. 0,5 m yfir hæsta punkti skýlis. Heimilt er að víkja frá þessari reglu þegar slökkviliðsstjóri metur að það sé óhætt.
- Ekki má byggja skýli yfir stað sem ætlaður er tankbifreiðum til aflestunar.

6. Afgreiðslutæki fyrir vökva í flokki I.1, I.2 og II.1

- 6.1 Afgreiðslutæki verður að verja gegn ákeyrslu ökutækja, t.d. með því að hafa þau á hæfilega hárrí undirstöðu úr steinsteypu eða öðru stöðugu, óbrennanlegu efni.
- 6.2 Yfirborð afgreiðslutækja verða að vera úr óbrennanlegu efni. Afgreiðslubyssu verður að vera hægt að læsa við afgreiðslutæki.
- 6.3 Undirstöður afgreiðslutækja verða að vera þéttar svo að eldsneyti, sem fer til spillis, leki ekki í gegnum yfirborð eða sprungur.
- 6.4 Afgreiðslutæki verða að vera vel loftræst.
- 6.5 Afgreiðslubysa (í sjálfsafgreiðslutæki) má ekki vera festanleg á dælingu.
- 6.6 Sá hluti afgreiðslutækis, sem inniheldur bensín í leiðslum með samskeytum, tengjum og pakkningum, flokkast sem sprengihættusvæði (belti 1).
- 6.7 Allur rafbúnaður, þ.m.t. rafknúnir teljarar eða mælar, ljósabúnaður og mótórar í afgreiðslutækjum vökva í flokki I og flokki II með blossamark allt að 30° C, skal, í öllu er varðar gerð og frágang, vera í samræmi við kröfur sem viðkomandi yfirvöld gera um rafbúnað á beltí 1, sbr. grein 3.4.

7. Dælur fyrir vökva í flokki I.1, I.2 og II.1

- 7.1 Mótórar í dælum fyrir þessa eldfimu vökva verða að vera af þeirri gerð og með þeim umbúnaði sem viðurkenndur er fyrir sprengi- og eldfim svæði (belti 1), sbr. grein 3.4.
- 7.2 Tryggja skal að þrýstingur í dælum verði ekki of mikill. Til þess verður að nota yfirþrýstiloka og/eða annan viðurkenndan búnað. Þrýstidælur (kafdælur) hafi auk þess öryggisbúnað sem tryggi að þær fari ekki í gang ef þrýstileiðsla lekur.
- 7.3 Auk venjulegs startrofa verður að hafa neyðarrofa fyrir dæluna á öruggum og aðgengilegum stað, t.d. í skjóli utandyra, svo að unnt sé að stöðva dælingu ef eldur kviknar skyndilega. Æskilegt er að neyðarrofinn sé ekki fjær dælunni en 10 m. Neyðarrofa verður að merkja greinilega og verja gegn óviðkomandi notkun, t.d. með brotglieri.